

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs vegna Urriðavatns.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. ágúst 2015 breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, sem samþykkt var í sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs 10. ágúst 2015.

Í breytingunni felst að 8,5 ha af óbyggðu svæði við Urriðavatn er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF1, skilgreiningu á opnu svæði, O30, er breytt í athafnasvæði, A12 og staðsetning iðnaðarsvæðis, Í11, er leiðrétt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 27. ágúst 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. september 2015